



# Sjálfbærni og ársreikningar – í hnotskurn

Morgunverðarfundur

Fimmtudaginn 18. janúar frá kl. 9:00-10:30

# Erindi dagsins

**01** Innleiðing sjálfbærnireglugerða - hver er staðan í dag og hvað er í pípunum?

---

**02** Stjórnarhættir og hlutverk endurskoðunarnefnda við innleiðingu sjálfbærnireglugerða

---

**03** Eftirlit Ársreikningaskrár með sjálfbærniupplýsingum

---

# Innleiðing sjálfbærnireglugerða

Hver er staðan í dag og hvað er í pípunum?

Hafþór Ægir Sigurjónsson,  
partner og forstöðumaður sjálfbærni hjá KPMG

18.01.2024

# Efnisatriði

- 01** Almenn um sjálfbærni og tímalína
- 02** Núverandi kröfur í ársreikningum
- 03** Komandi kröfur og næstu skref fyrirtækja

# Hvað er sjálfbærni?

Almenn skilgreining á sjálfbærni er hæfni til að viðhalda einhverju til lengdar án truflana.

Gagnlegt getur verið að hugsa sjálfbærni sem umgjörð sem tryggir að ekki sé gengið á höfuðstól, hvort sem um er að ræða fjárhag, fólk eða náttúruauðlindir.

Þrjár grunnstoðir mynda sjálfbærni, þ.e. **umhverfið, samfélag og efnahagur**, og gæta þarf jafnvægis milli þessara þriggja stoða í öllum ákvörðunum og athöfnum.




Sjálfbær þróun er sú þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.“

*- Brundtland skýrslan 1987*

# Skilgreining frá sjónarhorni fyrirtækja

**Að vera arðbær með því að hafa góða stjórnarhætti og á sama tíma styðja við félagslegt og umhverfislegt jafnvægi.**

# Tímalína – Flokkunarkerfi og CSRD



<sup>1</sup> Upplýsingarnar eru byggðar á CSRD reglugerðinni eins og hún var samþykkt af Evrópusambandinu. CSRD hefur enn ekki verið samþykkt á Ísland en líkur eru á að hún taki gildi á sama tíma og í Evrópusambandinu.

# Markmið regluverksins






# Núverandi kröfur


Ófjárhagslegar upplýsingar og evrópska flokkunarkerfið

# Ófjárhagslegar upplýsingar

## Grein 66.d. – að lágmarki skal fjalla um



# Ófjórhagslegar upplýsingar Grein 66.d. – enn fremur skal innihalda



# Flokkunarreglugerð ESB í hnotskurn



## Tegundir atvinnustarfssemi



Atvinnustarfsemi A



Atvinnustarfsemi B



Atvinnustarfsemi C



Atvinnustarfsemi D

Það er búið að skilgreina ákveðna atvinnustarfssemi sem gjaldgegna í að flokka sig sem umhverfislega sjálfbæra

Fyrirtæki þurfa að meta hvort þeirra starfssemi hafi skilgreiningu

# Flokkunarreglugerð ESB í hnotskurn

Það er búið að skilgreina hvernig gjaldgeng atvinnustarfssemi getur verið umhverfislega sjálfbær

Ef fyrirtæki er með gjaldgenga atvinnustarfssemi þá þarf að meta hvort hún er umhverfislega sjálfbær




Atvinnustarfssemi A: gjaldgeng og uppfyllir matsviðmiðin

Atvinnustarfssemi B: gjaldgeng en uppfyllir ekki matsviðmiðin

Atvinnustarfssemi C: gjaldgeng og uppfyllir matsviðmiðin


Atvinnustarfssemi D: ekki gjaldgeng



# Flokkunarreglugerð ESB í hnotskurn

**Þá er hægt að átta sig á því  
hversu stór hluti af veltu og  
gjöldum fyrirtækisins kemur frá  
stafssemi sem er gjaldgeng**


**og  
hversu stór hluti er  
umhverfislega sjálfbær**

**Upplýsingaskýlda**


**% Velta**

**% Fjárfestingarútgjöld**


**% Rekstrarkostnaður**



# Flokkunarreglugerð ESB í hnotskurn



# Yfirlit yfir ferlið





# Lykilárangursmælikvarðar í ársreikningi

## Innihald skýrslugjafar:



## Vegna lykilárangursmælikvarða þarf að skoða:

- Gjaldgengt/ekki gjaldgengt (e. eligible)
- Í samræmi við kröfur (e. aligned)

## Dæmi um það sem þarf að hafa í huga við útreikning lykilárangursmælikvarða\*

- **Velta**
  - Reikna út sem þann hluta hreinnar veltu vegna afurða eða þjónustu, þ.m.t. óefnislegra, sem tengist atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu
- **Fjárfestingargjöld**
  - A. Í tengslum við eignir eða ferli sem tengjast atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu
  - B. Í tengslum í fjárfestingarplan að gera gjaldgenga atvinnustarfssemi í samræmi við kröfur
  - C. Kaup á vörum og/eða þjónustu sem er í gjaldgeng og í samræmi við kröfur.
- **Rekstrargjöld**
  - Í tengslum við eignir eða ferli sem tengjast atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.m.t. þjálfun og önnur aðlögun mannauðs, og beinn kostnaður vegna rannsókna og þróunar sem ekki er færður til eignar.

# Fjármálafyrirtæki munu nota þessi gögn

Mun það breyta  
markaðnum?



Fjármálafyrirtæki þurfa að upplýsa um sínar eignir



Bætt flokkun fjárfestinga og áreiðanlegri  
upplýsingar



Aukin hvatning til sjálfbærra fjárfestinga



Þroskaðri ferlar auka á möguleikann á  
stýringu fjármagnsflæðis

# Komandi kröfur og næst skref

Uppfærsla á ófjárhagslegri upplýsingagjöf í CSRD

# Breytingar á ófjárhagslegri upplýsingagjöf (CSRD)


Töluverðar breytingar á umfangi upplýsingagjafar

Nota þarf nýjan staðal sem kallast ESRS  
European Sustainability Reporting Standards

Hann byggir á sömu skilgreiningu á sjálfbærniþáttum (UFS)

Kemur í staðinn fyrir ófjárhagslega upplýsingagjöf

Upplýsingarnar þurfa að vera staðfestar



# Markviss innleiðing sjálfbærnimála



# Áherslur fyrirtækja á nýju ári

## Unnið með EU taxonomy

Fjármálafyrirtæki fara að safna upplýsingum

Fyrirtæki reyna að verða umhverfislega sjálfbær

## Mikilvægisgreiningar

Mikill undirbúningur vegna komandi regluverks

Fyrirtæki vinna í að átta sig á hvað er mikilvægt

## Glufugreiningar

Núverandi upplýsingagjöf borin saman við komandi kröfur

## Pre-assurance

Staðfestingarhæfni sjálfbærniupplýsinga metið



# Stjórnarhættir og hlutverk endurskoðunarnefnda við innleiðingu sjálfbærni staðla

**Árni Claessen,**  
partner og löggiltur endurskoðandi

**Svanhildur Skúladóttir,**  
löggiltur endurskoðandi

---

18. janúar 2024



# Efnisatriði

- 01** Yfirlit yfir ESRS staðlana
- 02** ESRS og skýringar og um stjórnarhætti
- 03** ESRS 2 - Stjórnarhættir
- 04** ESRS G1 – Ábyrg starfsemi
- 05** Staðfesting sjálfbærniupplýsinga



# Yfirlit yfir ESRS staðlana

## Málaflokkar

Umhverfi <b>ESRS E</b>	Félagslegir þættir <b>ESRS S</b>	Stjórnarhættir <b>ESRS G</b>
<b>Loftslags- breytingar</b> <span>E1</span> Skýringarkröfur: 12 Atriði: 220	<b>Mannauður</b> <span>S1</span> Skýringarkröfur: 18 Atriði: 202	<b>Ábyrg starfsemi</b> <span>G1</span> Skýringarkröfur: 7 Atriði: 53
<b>Mengun</b> <span>E2</span> Skýringarkröfur: 7 Atriði: 68	<b>Starfsfólk í virðiskeðju</b> <span>S2</span> Skýringarkröfur: 6 Atriði: 72	
<b>Vatns- og sjávarauðlindir</b> <span>E3</span> Skýringarkröfur: 6 Atriði: 48	<b>Samfélag</b> <span>S3</span> Skýringarkröfur: 6 Atriði: 71	
<b>Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi</b> <span>E4</span> Skýringarkröfur: 8 Atriði: 120	<b>Neytendur og viðskiptavinir</b> <span>S4</span> Skýringarkröfur: 6 Atriði: 70	
<b>Auðlindir og hringrásarhagkerfi</b> <span>E5</span> Skýringarkröfur: 7 Atriði: 84		

## Almennir staðlar

Almennar kröfur <b>ESRS 1</b>
Almenn upplýsingaskylda <b>ESRS 2</b> Skýringarkröfur: 16 Atriði: 195

## Væntanlegt

Staðlar fyrir  
atvinnugreinar

Staðlar fyrir lítil  
og meðalstór  
fyrirtæki

12 staðlar

99 skýringarkröfur

1178 skýringaratriði  
(fjárhæðir, texti, hlutföll og magntölur)

Umfang skýringa byggir  
á niðurstöðu tvíþátta  
mikilvægisgreiningar

# ESRS og skýringar um stjórnarhætti

Tveir staðlar sem fjalla um stjórnarhætti: ESRS 2 og G1  
Ábyrg starfsemi (e. Business conduct)


## ESRS 2 – Almenn upplýsingaskylda

- Samkvæmt ESRS 2 á að veita almennar upplýsingar um stjórnarhætti tengdum sjálfbærnimálum óháð niðurstöðum mikilvægismats.
- Fimm skýringarkröfur um stjórnarhætti (GOV 1–GOV 5) og 36 skýringaratriði um stjórnarhætti

## Ábyrg starfsemi (e. G1 Business conduct)

Einn staðall með sex skýringarkröfum byggðar á mikilvægismati.

- Fyrirtækjamenning og ábyrg starfsemi (G1)
- Samskipti við birgja (G2)
- Spilling og mútur(G3/G4),
- Pólítísk áhrif og aðgerðir (G5)
- Greiðsluskilmálar (G6).



# ESRS 2 –Stjórnarhættir

## Almennar upplýsingar um stjórnarhætti sem tengjast sjálfbærnimálum

1. Veita upplýsingar um samsetningu stjórnenda og eftirlitsnefnda innan félagsins, **hlutverk þeirra og ábyrgð** og hvaða **aðgangur er að sérfræðiráðgjöf og þekkingu** í sjálfbærnimálum (GOV-1 / 22 skýringaratriði).
2. **Hvernig þeir eru upplýstir** um sjálfbærnimál og **hvernig þau hafa verið afgreidd.** (GOV-2 / 4 skýringaratriði)
3. Upplýsingar um hvernig er tekið tillit til sjálfbærnimála við mat á **árangri í hvatakerfi félagsins.** (GOV-3 / 6 skýringaratriði)
4. Upplýsingar um **áreiðanleikakönnun og eftirlit (e. due diligence)** í tengslum við sjálfbærniupplýsingar (GOV-4 / 1 skýringaratriði)
5. Helstu þættir við **áhættustýringu og innra eftirlit** í tengslum við gerð sjálfbærnisráðgjafar (GOV-5 / 5 skýringaratriði)

# ESRS G1 – Ábyrg starfsemi (e. Business Conduct)

- Skýringarkröfur um stefnu, ferli, eftirlitsaðgerðir og árangur í tengslum við ábyrga starfsemi.
- Áhersla á fyrirtækjamenningu, birgja og starfsemi tengda stjórnámálaflokkum (lobbying activities)
- Umfang skýringa byggir á tvíþátta mikilvægisgreiningu
- Skipt í fimm málefnaflokkum (G1-G5)

## Fyrirtækjamenning og ábyrg starfsemi (G1)

- Upplýsa hvernig félagið byggir upp og viðheldur fyrirtækjamenningu og stefnur félagsins í tengslum við ábyrga starfsemi. Sýna á hvern hátt stjórnendur, stjórn og undirnefndir stjórna innleiða, hafa eftirlit með og meta fyrirtækjamenningu sem styður við að ábyrga starfsemi.
- Í því felst m.a.
  - Lýsing á stefnum félagsins í tengslum við fyrirtækjamenningu og ábyrga starfsemi.
  - Lýsing á eftirliti með lögbrotum og hegðun sem brýtur starfsreglur félagsins.
  - Hvernig félagið rannsakar og fylgir eftir lögbrotum og brotum á starfsreglum sem koma upp
  - Upplýsingar um ferli og vernd við uppljóstrara (e. whistleblowers)
  - Upplýsingar um hvar í starfseminni er mest hættu á spillingu og mútum

# ESRS G1 – Ábyrg starfsemi (e. Business Conduct)

## Samskipti við birgja (G1-2)

- Hvernig félagið byggir upp og stýrir samskiptum sínum við birgja og áhrif þess á virðiskeðjuna.

Í því felst m.a.

- Stefna félagsins í tengslum við samskipti sín við birgja með tilliti til áhættu tengda sjálfbærnimálum í virðiskeðjunni
- Hvaða viðmið varðandi sjálfbærnimál eru notuð við val á birgjum
- Aðgerðir félagsins til að styðja birgja í viðkvæmri stöðu og lýsing á því hvernig félagið aðstoðar þá við að bæta félagslega stöðu þeirra og umbætur í umhverfismálum

# ESRS G1 – Ábyrg starfsemi (e. Business Conduct)

## Spilling og mútur – fyrirbyggjandi ráðstafanir og eftirlit (G1-3)

- Veita upplýsingar um hvaða ferli og eftirlit eru til staðar til að koma í veg fyrir og uppgötva spilling og mútur. Auk þess hvernig er brugðist við slíkum málum og hvernig þjálfun starfsmanna er háttað.
  - Yfirlit yfir aðgerðir og stefnur í málaflokkum
  - Ferlið sé sjálfstætt og óháð aðkomu stjórnenda
  - Hvernig upplýsingum er komið á framfæri við stjórnendur, stjórn og eftirlitsnefndir
  - Upplýsingar um þjálfun og fræðslu til starfsmanna s.s. eðli fræðslunnar og umfang hennar

## Spilling og mútur – Staðfestst tilvik um spillingu og mútubægni (G1-4)

- Veita upplýsingar um staðfest tilvik um spillingu og mútubægni.
  - Tilvik sem eru full rannsökuð og staðfest sem spilling eða mútubægni
  - Upplýsingar um refsingar og sektir fyrir að framfylgja ekki reglum um spilling og mútubægni
  - Fjöldi tilvika þar sem starfsmenn voru látnir sæta ábyrgð eða var sagt upp vegna spillingar og mútumála
  - Viðskiptasamningum sem sagt var upp eða voru ekki endurnýjaðir vegna tilvika um spillingu eða mútur
  - Upplýsa um hvort það hafi komið upp tilvik þar sem ekki var brugðist með fullnægjandi hætti við brotum á reglum og lögum um spillingu og mútumál

# ESRS G1 – Ábyrg starfsemi (e. Business Conduct)

## Pólitísk áhrif og aðgerðir (G1-5)

- Veita upplýsingar um starfsemi og skuldbindingar tengdum stjórnámálum, þar með talið hvaða pólitísku áhrif félagið hefur reynt að hafa á málefni sem metin hafa verið veruleg í starfsemi félagsins.
  - Yfirlit yfir aðgerðir og stefnur í málaflokkum
  - Veita upplýsingar um fjárframlög og hvers konar stuðning við stjórnámálaflokka.
  - Hvernig félagið hefur reynt að hafa pólitísk áhrif í málefnum sem hafa verið metin mikilvæg hjá félaginu.
  - Upplýsingar um stjórnendur eða meðlimi stjórnar og eftirlitsnefnda sem hafa verið í sambærilegum hlutverkum hjá opinberum aðilum síðustu tvö árin.

## Greiðsluskilmálar (G1-6)


- Veita upplýsingar um greiðslukjör og skilmála sem veitt eru birgjum og öðrum aðilum sem eiga viðskipti við félagið, sérstök áhersla á að veita upplýsingar um greiðslukjör lítilla og meðalstórra félaga.
  - Meðalfjöldi daga sem það tekur að greiða reikninga
  - Almennur samningsbundinn greiðslufrestur til birgja og hve hátt hlutfall stóðst samningsbundinn viðmið um greiðslufresti
  - Fjöldi dómsmála sem höfðuð hafa verið gagnvart félaginu vegna síðbúinna greiðslna og vanskila

# Krafa um staðfestingu upplýsinga

Í CSRD er gerð krafa um staðfestingu vegna allra þeirra efnisatriða sem fjallað er um í regluverkinu.

- Takmörkuð staðfesting (e. limited assurance) frá og með birtingu fyrstu skýrslu.
- Markmið að færa staðfestingu í nægjanlega (e. reasonable assurance ) síðar.

Aðildarríki geta valið að heimila að staðfesting sjálfbærnisráðgjafna verði aðskilin frá endurskoðun ársreiknings, t.d. að staðfestingin sé framkvæmd af öðrum endurskoðanda eða sjálfstæðum staðfestingaraðila.





# Hvað felst í staðfestingu sjálfbærniupplýsinga?

Sjálfbærniupplýsingar gegna lykilhlutverki við að skila langtímaverðmætum til allra hagaðila félaga. Staðfesting sjálfbærniupplýsinga eykur traust og trúverðugleika á þær upplýsingar sem eru settar fram í sjálfbærnisráðgjafslum sem eykur gildi þeirra og gagnsemi við ákvarðanatöku.



## Takmörkuð staðfesting (e. limited assurance)

Niðurstaða um hvort við höfum komist að einhverju í vinnu okkar sem leiðir til þess að við teljum að sjálfbærniupplýsingarnar séu ekki settar fram í öllum meginatriðum í samræmi við þau viðmið sem fara skal eftir við framsetningu upplýsinganna.


Takmörkuð staðfesting leiðir því til svokallaðrar neikvæðrar staðfestingar í áritun okkar, þ.e. „Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að sjálfbærnisráðgjafslan sé í öllum megin atriðum við þau gögn sem skoðuð voru.“



## Nægjanleg staðfesting (e. reasonable assurance)

Þetta umfang staðfestingar jafngildir því álitni sem veitt er við endurskoðun fjárhagsupplýsinga. Álit á því hvort við teljum að sjálfbærniupplýsingarnar séu settar fram í öllum meginatriðum í samræmi við þau viðmið sem fara skal eftir við framsetningu upplýsinganna.

Að setja fram álit með nægjanlegri staðfestingu krefst þess að staðfestingaraðili afli nægjanlegra og viðeigandi gagna til þess að draga þá ályktun að sjálfbærniupplýsingarnar séu útbúnar, í öllum meginatriðum í samræmi við þau viðmið sem fara skal eftir (jákvæð staðfesting).



# Eruð þið tilbúin í staðfestingu á upplýsingum?



Þegar lagt hefur verið mat á hvort forsendur staðfestingarverkefnis séu uppfyllt mun KPMG setja fram skýrslu um niðurstöður þess sem kom fram við framkvæmd staðfestingarinnar.

# Hvað þarf að gera núna?

- 1 Skilja áhrifin**
  - Skilja hvenær, hvar og hvernig CSRD mun hafa áhrif fyrirtækið og samstæðuna.
  - Skilja hvernig kröfur ESRS eru ólíkar núverandi regluverki.
- 2 Ákvarða hvað er mikilvægt**
  - Skilja umfang virðiskeðjunnar.
  - Framkvæma tvíþætt mikilvægismat í samræmi við kröfur ESRS til þess að ákvarða hvaða atriði fyrirtækið þarf að upplýsa í samræmi við regluverkið.
  - Ákveða hvaða upplýsingar eru mikilvægar út frá áhrifum þeirra og fjárhagslegu sjónarmiði.
- 3 Meta gæði ferla og eftirlitsumhverfis**
  - Leggja mat á gæði ferla, eftirlitsumhverfis, gagnalíkana og stefnu fyrirtækisins.
  - Skilja núverandi skipulag og hlutverk starfsmanna, hvaða þekking og geta er til staðar.
- 4 Uppfærið skýrslur**
  - Skipuleggið hvernig skýrslugjöfin mun verða sett fram – í því felst að skipuleggja hvernig skýrslugjöfin getur orðið eins skilvirk og mögulegt er í takti við þarfir samstæðunnar í heild og einstakra félaga innan hennar.
  - Þróið og setjið fram hver rekstrarmarkmið eru, þar með talið þjálfun og stuðning fyrir breytingarstjórnun.
- 5 Búið ykkur undir staðfestingu**
  - Leggið mat á eftirlitsumhverfi, gæði gagna og hvort það sem félagið hefur skjalað er nægjanlegt fyrir staðfestingu.
  - Bætið úr vandamálum áður en formleg staðfesting á sér stað.





# Sjálfbærniskýrslur og “Annual Report”

Hlutverk endurskoðunarnefnda og eftirlit  
ársreikningaskrár með sjálfbærniskýrslum

## Endurskoðunarnefnd; hæfi og óhæði

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og skal meiri hluti nefndarmanna jafnframt vera óháður einingunni.

Framkvæmdastjóri viðkomandi félags má ekki eiga sæti í nefndinni.

## Endurskoðunarnefnd; verksvið

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annar á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

# Fjármálaeftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu

Fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu og á Íslandi (EFTA ríkin)

ESRB – European Systemic Risk Board

Eftirlit með  
endurskoðun

ESMA  
Verðbréfaeftirlit

EBA  
Bankaefitrlit

EIOPA  
Vátryggingaefitrlit

CEAOB

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

Endurskoðendaráð

Ársreikningaskrá

(Aðeins eftirlit með  
árs- og samstæðu-  
reikningum)

## EU sustainable finance agenda:





## Markmiðið með eftirliti ófjárhagslegra upplýsinga

Markmiðið með eftirliti með ófjárhagslegum upplýsingum (sjálfbærnisráskrá) er að stuðla að samræmdri beitingu regluverks sem gildir um upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni og þannig stuðla að gagnsæi sjálfbærniupplýsinga sem fjárfestar og aðrir notendur byggja á við ákvarðanatöku, svo sem við að stýra fjármagni. Þannig verða upplýsingar um sjálfbærni jafngildar fjárhagslegum upplýsingum. Með eftirliti með sjálfbærniupplýsingum er stefnt að koma í veg fyrir að regluverk um sjálfbærni sé sniðgengið og að vernda fjárfesta og að efla traust á mörkuðum.

# Innleiðing regluverks um sjálfbærniupplýsingar

Flokkunarreglugerðin (EU Taxonomy) og SFDR reglugerðin voru innleiddar með lögum nr. 25/2023 þann 1. júlí 2023.

Íslandi ber að innleiða sjálfbærnitilskipunina (CSRD) og staðlana um sjálfbærnisráskýrslur (ESRS) eins og fram kemur hér að neðan:

- Einingar tengdar almannahagsmunum með yfir 500 ársverk; reikningsárið 2024
- Öll önnur stór félög en hér að ofan; reikningsárið 2025
- Litlir og meðalstórir útgefendur (utan örfélög); 2026
- Félög utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru með starfsemi á EES; reikningsárið 2029

## Innleiðing regluverks um sjálfbærni

### Flokkunarreglugerðin

Nær til u.þ.b. 1% af fyrirtækjum eða til u.þ.b.: 300 – 400 fyrirtækja

- Stór fyrirtæki
- Einingar tengdar almannahagsmunum

Lög nr. 25/2023 1. júlí 2023

### SFDR reglugerðin

Nær til fyrirtækja á fjármála-markað sem falla undir ákvæði 2. gr. reglugerðar 2019/2088/EU

- Viss fyrirtæki á fjármálamarkaði

Lög nr. 25/2023 1. júlí 2023

### Sjálfbærnilskipunin

Nær til u.þ.b. 1% af fyrirtækjum eða til u.þ.b.: 300 – 400 fyrirtækja

- Stór fyrirtæki
- Einingar tengdar almannahagsmunum

Innleidd í áföngum og mun taka gildi fyrir reikningsárin 2024 til 2029

## Skýrsla stjórnar og sjálfbærnisráskýrslur



**Takk fyrir**

**KPMG**

